

Matheron gegn Frakklandi

Dómur frá 29. mars 2005

Mál nr. 57752/00

8. gr. Friðhelgi einkalífs og fjölskyldu

Símhlerun. Lögmæti sönnunargagna.

1. Málsatvik

Kærandi, Robert Matheron, er franskur ríkisborgari fæddur 1949. Árið 1993 var hann ákærður vegna ætlaðra alþjóðlegra fíkniefnaviðskipta. Sönnunargögn sem ákærvaldið hafði aflað í öðru refsímáli gegn öðrum sakborningi voru lögð fram í refsímáli kæranda. Kærandi hélt því fram að ekki væri heimilt að taka umrædd sönnunargögn til greina, en ekki var fallist á kröfu hans. Var kærandi sakfelldur og dæmdur til 15 ára fangelsisvistar.

2. Meðferð málsins hjá Mannréttindadómstólnum

Kæran

Kærandi taldi að brotið hefði verið gegn friðhelgi einkalífs hans skv. 8. gr. þar sem sönnunargögn, sem fengin voru í tengslum við annað mál, voru notuð gegn honum. Þar sem kærandi var ekki aðili að því máli hefði hann ekki fengið tækifæri til að vefengja hvort formaskilyrði laga varðandi símhlerunina hefðu verið uppfyllt.

Niðurstaða

Meginálitaefnið fyrir Mannréttindadómstólnum var að meta hvort kærandi hafði raunverulega möguleika á því að vefengja lögmæti símhlerunarinnar sem sönnunargagns í refsímáli gegn honum. Ljóst var að hann hafði ekki möguleika á að láta til sín taka í því máli þar sem símhlerunin hafði verið heimiluð. Þá hefði æðri áfrýjunardómstóll í sambærilegum málum talið vald undirréttar takmarkað við athugun á því hvort framlagning sönnunargagna, sem fengin voru með símhlerunum, væri í samræmi við formákvæði laga.

Dómstóllinn benti á að löggjöf sem símhlerunarheimildin byggðist á væri í samræmi við ákvæði sáttmálans. Hins vegar taldi dómstóllinn að niðurstaða áfrýjunardómstólsins í máli kæranda og röksemdir fyrir henni takmörkuðu möguleika þeirra, sem þyrftu að sæta því að sönnunargögn sem aflað væri með símhlerunum í öðrum refsímálum og lögð fram í málum þeirra, til að fá skorið úr um lögmæti aðgerða.

Með tilliti til málsatvika allra taldi dómstóllinn að kærandi hefði ekki haft aðgang að skilvirkum úrræðum til að vefengja framangreind sönnunargögn. Var það því einróma niðurstaða dómstólsins að brotið hefði verið gegn 8. gr.

Kæranda voru á grundvelli 41. gr. dæmdar 3.500 evrur í miskabætur og 5.500 evrur í málskostnað og útgjöld.